

# Móttaka, geymsla og urðun á óvirkum úrgangi á Njarðvíkurheiði í Reykjanesbæ

## Ákvörðun um matsskyldu

### 1 Inngangur

Þann 13. desember 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá VSÓ Ráðgjöf, f.h. Reykjanesbæjar, um móttöku, geymslu og urðun á óvirkum úrgangi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 11.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjanesbæjar, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Urðun á óvirkum úrgangi í Reykjanesbæ. Matsskyldufyrirspurn. Reykjanesbær – VSÓ Ráðgjöf. Desember 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjanesbæ þann 25. janúar 2024.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja þann 14. janúar 2024.
- Minjastofnun Íslands þann 16. janúar 2024.
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 10. janúar 2024.
- Umhverfisstofnun þann 12. janúar 2024.
- Veðurstofu Íslands þann 15. janúar 2024.
- Vegagerðinni þann 9. janúar 2024.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 25. janúar 2024.

### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Reykjanesbær áformar að útbúa móttökustöð, geymslusvæði og urðunarstað fyrir óvirkan úrgang á Njarðvíkurheiði, sunnan Reykjanesbrautar, austan svokallaðs Patterson-svæðis. Markmið framkvæmdarinnar er að skapa aðstöðu fyrir efnislosun vegna uppbyggingar vega, húsnæðis og annarra framkvæmda í Reykjanesbæ og nágrenni.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í undirbúningi og rekstri móttökustöðvar, geymslusvæðis og urðunarstaðar, lagningu um 100 m aðkomuvegar með bundnu slitlagi frá vegi sem liggur frá Reykjanesbraut að tengivirki Landsnets á Njarðvíkurheiði og gerð vinnuvegar um svæðið. Auk þess er gert ráð fyrir uppbyggingu á aðstöðu fyrir starfsfólk og öðrum mannvirkjum sem tengjast starfsemi en skv. deiliskipulagi má byggingarmagn vera allt að 500 m<sup>2</sup>.

Heildarstærð svæðisins skv. deiliskipulagi er rúmlega 4,9 ha og er áætlað að hægt verði að koma fyrir 230.000 m<sup>3</sup>/tonnum af óvirkum úrgangi á staðnum til varanlegrar geymslu og að hann verði notaður í þeim tilgangi í 15 ár og þ.a.l. verði um 15.000 tonn af úrgangi urðuð árlega að meðaltali.



Þetta magn miðast við að hæð urðaðs úrgangs verði allt að 10 m sem falli að nálægri landhæð. Að auki er gert ráð fyrir að jarðefni og annar óvirkur úrgangur verði geymdur tímabundið, flokkaður og unninn og honum miðlað áfram til nýrrar notkunar eftir því sem kostur er.

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

### Áhrif á vatnafar og vatnsvernd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að undir fyrirhuguðu urðunarstað sé grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 1 sem sé tæplega 30 km<sup>3</sup> að stærð. Í Vatnavefsjá er ekki skráð þekkt álag á grunnvatnshlotið en efnafræðilegt ástand þess er skráð gott sem og magnstaða. Fram kemur að ekki sé talið líklegt að framkvæmdir við urðunarstaðinn og rekstur hans sem og sigvatn frá honum muni valda álagi eða hnignun grunnvatnshlotsins en mengun getur komið frá annars vegar efni sem urðað er og hins vegar ef olía lekur frá tækjum eða flutningabílum. Fram kemur að forvarnaðgerðir verði annars vegar skýrar verklagsreglur og innra eftirlit og vöktun varðandi móttöku á úrgangi til að tryggja að eingöngu óvirkur úrgangur komi inn á svæðið. Hins vegar verður unnið skv. tilteknum starfsreglum til að fyrirbyggja óhöpp og olíuleka auk þess sem viðbragðsáætlun verður til staðar til að hreinsa upp olíu ef óhapp verður. Litlar líkur eru því taldar á því að mengandi efni berist í grunnvatn. Þá eru engar þekktar sprungur á svæðinu, eingöngu misgengi og út frá jarðfræðilegum og vatnafræðilegum einkennum svæðisins er metið að lítil áhætta sé á að mengun dreifist ef hún berst í grunnvatn. Fram kemur að ekkert rennsli yfirborðsvatns sé á svæðinu, landhalli sé lítil og Seltjörn sé í 1,5 km fjarlægð. Hætta á að mengun dreifist á yfirborði til nærliggjandi svæða eða í tjörnina er því talin lítil. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekki á vatnsverndarsvæði en vatnsból Reykjanesbæjar eru austan við Hafnir og er hluti Hafnarheiðar fjarsvæði vatnsverndar og eru mörk fjarsvæðisins í um 1,5 km fjarlægð. Grunnvatnsrennsli er í norðurátt í sjó fram í átt frá fjarsvæðinu. Fjarsvæðið er aðalákomusvæði úrkomu fyrir grunnvatnsstrauma sem liggja í vesturátt að vatnsbólínu við Hafnir. Áhættan á því að áhrifa geti gætt í neysluvatni er því talin óveruleg.

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð komi fram að efnafræðilegt ástand og magnstaða vatnshlotsins Rosmhvalanes 1 sé góð sem er ekki rétt en Vatnavefsjain getur verið villandi hvað það varðar. Þar kemur einnig fram að magnstaða sé óþekkt en efnafræðilegt ástand er það líka vegna þess að ekki eru til gögn til að segja til um ástandið. Bent er á að við afgreiðslu starfsleyfisumsóknar muni umsóknaraðili þurfa að skila inn áhrifamati vegna grunnvatnshlotsins, þ.e. mati á því hver möguleg áhrif starfseminnar verða á grunnvatnshlotið.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Reykjanesbær muni vinna umsókn um starfsleyfi í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.

### Áhrif á jarðmyndanir, landslag og ásýnd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að á svæðinu séu ekki eldhraun eða aðrar jarðminjar sem njóti sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd og ekki séu um að ræða önnur verndarákvæði sem eigi við framkvæmdasvæðið. Miðað við 10 m hátt yfirborð urðaðs úrgangs mun urðunarstaðurinn breyta einkennum landslags að einhverju leyti í annars lítt röskuðu landi en hann verður ekki sýnilegur frá byggð en mun sjást á stuttum kafla frá Reykjanesbraut. Einna helst verður hann sýnilegur í landslagi þeim sem stunda útivist í næsta nágrenni, einkum á skógræktarsvæðinu vestan við urðunarsvæðið. Áhrif fyrirhugaðs urðunarstaðar á jarðmyndanir, ásýnd og landslag eru metin óveruleg til neikvæð.



Umhverfisstofnun beinir því til framkvæmdaraðila að huga vel að staðsetningu mannvirkja og urðunar úrgangs, ásamt því að draga úr umfangsmikilli haugsetningu eins og kostur er til þess að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á ásjúnd svæðisins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að staðsetning svæðisins hafi verið valin m.a. með tilliti til þess að staðurinn sé í lægð og leitast verði við að láta mannvirki og búnað falla undir sjónlínu lægðarinnar.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að framkvæmdasvæðið sé í nálægð gliðnunarbeltis þar sem jarðskjálftar séu algengir. Mikilvægt er að þekkja vel sprungur og misgengi innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og forðast staðsetningu mannvirkja í nálægð þeirra.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið sé utan við sprungusveim Reykjaness og engar þekktar sprungur séu á svæðinu en vitað er um eitt misgengi.

### **Áhrif á loftgæði og loftslag**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa óbein áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda frá jarðefnanotkun og þungaflutningum. Með því að hafa greiðan aðgang að móttökusvæði, geymslu og miðlun jarðefna, minnkar þörf á efnistöku á nýju efni. Með slíkum stað styttest einnig vegalengdir sem þungaflutningabílar þurfa að aka sem hefur bein áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og annarrar mengunarefna vegna flutninganna. Þetta hefur jákvæð áhrif til langtíma á loftgæði og loftslag. Fram kemur að verði um 230.000 m<sup>3</sup> fluttir til urðunar á svæðinu á 15 árum megi áætla 5 - 9 ferðir vöruflutningabifreiða á hverjum virkum degi miðað við að unnið verði virka daga og notast við bifreið sem tekur 8 - 15 m<sup>3</sup> í hverri ferð að meðaltali. Magn sem hægt verður að flytja í hverri ferð fer eftir því hvaða byggingarefni er í farminum og hve vel það er þjappað. Flutningar efnis væru helst frá framkvæmda- og byggingarsvæðum í Reykjanessbæ og að einhverju leyti frá nágrannasveitarfélögum. Að mati framkvæmdaraðila verða áhrif fyrirhugaðs urðunarstaðar á loftgæði og loftslag óveruleg til jákvæð.

### **Áhrif á gróður og fugla**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að einkennandi vistlendi á fyrirhuguðum urðunarstað séu melar- og sandlendi og þar á eftir moslendi og mólendi. Tvær vistgerðir mela- og sandlendis eru þar og einkennast af slitrótttri eða mjög lítilli gróðurþekju (mosamelavist og eyðimelavist), tvær vistgerðir mólendis (lyngmóavist á láglandi) og ein vistgerð moslendis (hraungambravist). Þessar vistgerðir eru metnar með lágt verndargildi að undanskilinni lyngmóavist á láglandi sem er metin með hátt verndargildi. Fram kemur að á fyrirhuguðum urðunarstað megi búast við mesta fuglalífínu í lyngmóavistinni, helst þúfuttilling, hrossagauk, spóa, heiðlóu, lóuþræl og rjúpu.

Fyrirhuguð framkvæmd mun raska gróðri en áhrif framkvæmda og reksturs á fyrirhuguðum urðunarstað á gróður eru metin óveruleg, staðbundin og afturkræf ef starfsemi verður hætt. Þá er talið ólíklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa þau áhrif að fuglategundum fækki á svæðinu og er líklegt að fuglar muni færa sig um set yfir á nærsvæði og framkvæmdir og rekstur muni því ekki hafa merkjanleg áhrif á þær tegundir sem finnast á og í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

## **5 Skipulag og leyfi**

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Reykjanessbæjar 2020-2035 og í gildi er deiliskipulag sem nær yfir efnislosunarsvæðið.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykjanessbæjar skv. skipulagslögum og byggingarleyfi sveitarfélagsins skv. lögum um mannvirki. Einnig starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.



## 6 Niðurstaða

Um er að ræða móttökustöð, geymslusvæði og urðunarstað fyrir óvirkan úrgang á Njarðvíkurheiði á vegum Reykjanesbæjar á um 5 ha svæði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 11.03 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, úrgangsmýndunar, mengun, ónæði og hættu fyrir heilbrigði manna sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar vegna grunnvatnsmengunar. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til grunnvatns, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða nokkuð mikið magn af óvirkum úrgangi sem áætlað er að meðhöndla og/eða urða á allstóru svæði á Njarðvíkurheiði. Fyrir liggur að framkvæmdaraðili hyggst stuðla að endurnýtingu þess úrgangs sem mun berast á svæðið eins og kostur er og að urðun úrgangsins verði síðasti kostur. Skipulagsstofnun tekur undir þær fyrirætlanir og telur mikilvægt að draga eins og kostur er úr magni þess úrgangs sem fer í urðun.

Við framkvæmdir og rekstur urðunarstaðarins kann að skapast hætta á að mengun geti borist í grunnvatn en fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekki á vatnsverndarsvæði. Fyrir liggur, skv. umsögn Umhverfisstofnunar, að magnstaða grunnvatnshlotsins Rosmhvalanes 1 er ekki þekkt sem og efnafræðilegt ástand þess þar sem ekki eru til gögn til að segja til um ástandið. Framkvæmdaraðili hefur gert grein fyrir því að unnið verði skv. skýrum verklagsreglum, m.a. að fylgst verði með að einungis óvirkur úrgangur komi til móttöku/urðunar auk þess sem unnið verður skv. tilteknum starfsreglum til að fyrirbyggja óhöpp og olíuleka og til staðar verði viðbragðsáætlun ef óhapp verður. Þá hefur framkvæmdaraðili gert grein fyrir aðstæðum m.t.t. grunnvatns og yfirborðsvatns á svæðinu og lagt mat á möguleg áhrif á vatnshlotið. Umhverfisstofnun hefur ekki gert athugasemdir við þessa umfjöllun en fyrir liggur, skv. verklagi stofnunarinnar, að framkvæmdaraðili þarf að skila inn til Umhverfisstofnunar áhrifamati við afgreiðslu starfsleyfisumsóknar vegna grunnvatnshlotsins, þ.e. mati á því hver möguleg áhrif starfseminnar verða á það.

Skipulagsstofnun telur, í ljósi fyrrnefndrar umfjöllunar í greinargerð framkvæmdaraðila um aðstæður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði m.t.t. grunnvatns og þær verklagsreglur og vöktun á úrgangi sem berst, að ekki sé líklegt að fyrirhuguð starfsemi komi til með að hafa þau áhrif að ástand grunnvatnshlotsins versni að því marki að það nái ekki umhverfisverndarmarkmiði sínu að vera í góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu skv. vatnalögum. Hins vegar ber að horfa til þess að grunnástand vatnshlotsins m.t.t. magnstöðu og efnafræði er ekki þekkt og því til staðar ákveðin óvissa. Skipulagsstofnun telur að gera verði ráð fyrir að við starfsleyfisveitingu liggi fyrir fullnægjandi gögn og að í starfsleyfi verði sett ákvæði sem eiga að tryggja að framkvæmdir við urðunarstaðinn og rekstur hans komi ekki til með að hafa neikvæð áhrif á grunnvatnshlotið.

Fyrir liggur að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er ekki eldhraun eða aðrar jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd eða önnur verndarákvæði sem eiga við svæðið. Þá hefur svæðinu verið valinn staður í lægð sem gerir það að verkum að það verður ekki sýnilegt frá byggð og einungis á stuttum kafla Reykjanesbrautar. Mikilvægt er að mannvirki og efnishaugar



verði sem minnst sýnileg þar sem um er að ræða lítt raskað svæði. Skipulagsstofnun telur að miðað við áætlanir framkvæmdaraðila um fyrirkomulag mannvirkja og hámarkshæð yfirborðs urðaðs úrgangs muni áhrif fyrirhugaðrar starfsemi ekki verða veruleg m.t.t. ásýndar.

Við fyrirhugaðar framkvæmdir mun gróðri verða raskað óafturkræft á framkvæmdasvæðinu, þ.á.m. vistgerðinni lyngmóavist sem er með hátt verndargildi en áhrifin verða staðbundin. Þá er ljóst að bú- og/eða varpsvæði þeirra fuglategunda sem er að finna á svæðinu verða fyrir óafturkræfu raski. Líklega er um að ræða algengar tegundir og ætti að vera svigrúm fyrir fuglana að færa sig um set og neikvæð áhrif því að öllum líkindum tímabundin og minni háttar.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 4. mars 2024.

Reykjavík, 31. janúar 2024

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

\* Rafræn skilríki



Skipulagsstofnun

Jakob Gunnarsson  
Sérfræðingur, svið umhverfismats

Undirritað með OneSign

\* Rafræn skilríki



Skipulagsstofnun

Egill Þórarinnsson  
Sviðsstjóri, svið umhverfismats

Undirritað með OneSign